

Til Viðskiptanefndar Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Fax 563 0550

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (138. þing, 228. mál, þskj. 253)

Reykjavík 10. desember 2009

Varðar: Eftirlitsgjald sem lagt er á fengin endurtryggingaiðgjöld

Tryggingamiðstöðin hf. (TM) vill með bréfi þessu gera athugasemdir við frumvarpið er sérstaklega varða þetta félag núna, en geta einnig snert önnur íslensk váttryggingafélög.

Athugasemd félagsins er sú, að eðlilegt væri að eftirlitsgjald vegna seldra endurtrygginga væri mun lægra en eftirlitsgjald vegna frumtrygginga.

Í 2. gr. frv. er tillaga um nýja 5. gr. laganna um álagningarstofn og álagt gjald. Eftirlitsgjald sem lagt er á váttryggingafélög er hlutfall af bókfærðum iðgjöldum sem tilgreint er í 2. tl. 1. mgr., 0,353% í frumvarpinu. Bókfærð iðgjöld hafa verið gjaldstofn eftirlitsgjalds frá því lög um váttryggingastarfsemi gengu fyrst í gildi árið 1974.

Fyrir tveimur árum var fellt út úr lögnum ákvæði um að bókfærð iðgjöld vegna seldra endurtrygginga bæru verulega lægra gjald en frumtryggingaiðgjöld, en það hafði verið í lögnum frá upphafi, og áður í eldri lögum um sama efni. Tryggingamiðstöðin gerði athugasemd við þessa tillögu árið 2007 og vill ítreka hana nú, enda talsverðir hagsmunir í húfi að ekki þurfi að greiða eftirlitsgjald tvisvar af áhættu sem endurtryggð er.

Rök fyrir að reikna lægra eftirlitsgjald af fengnum endurtryggingaiðgjöldum en af frumtryggingaiðgjöldum eru þau, að þegar er búið að greiða eftirlitsgjald af frumtryggingunni sem endurtryggð er. Ekki er rétt að leggja eftirlitsgjald af fullum þunga aftur á tryggingu á sömu áhættunni. Sú vernd váttryggingataka og váttryggðra sem felst í opinberu eftirliti með váttryggingastarfsemi er einkum á frumtryggingastigi. Endurtryggingastarfsemin kann þó að kalla á eitthvert eftirlit og því eðlilegt að leggja á hana nokkurt gjald. Í eldri gerð ákvæðisins var álagningarhlutfallið um eða innan við 1/5 af því sem greitt var af frumtryggingaiðgjöldum.

Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 154/2007 um breyting á lögum nr. 99/1999 (þskj. nr. 95/2007), vegna álagningar eftirlitsgjalds ársins 2008, voru þau rök færð fyrir að



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

hætta að reikna lægra hlutfall af fengnum endurtryggingaiðgjöldum, að starfsemi íslenskra váttryggingafélaga í endurtryggingum væru hverfandi lítil og sérstaks álagningarstofns því ekki lengur þörf. Íslensk váttryggingafélög voru vissulega með óverulega starfsemi í endurtryggingum um hríð, en það breytir ekki nauðsyn þess að viðurkenna sérstöðu endurtryggingastarfseminnar.

Á árunum 2007-8 seldi TM bátaábyrgðarfélögum í Noregi endurtryggingavernd, en þau félög greiða það sem þeim ber vegna eftirlits í heimalandinu. Endurtryggingaiðgjöldin voru umtalsverð, 800 milljónir íslenskra króna á árinu 2008. Þau mynda hluta af gjaldstofni TM á næsta ári og verður eftirlitsgjald af þeim um 3 milljónir króna verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Ef eitt íslenskt váttryggingafélag mundi kaupa váttryggingavernd af öðru félagi hérlandis yrði eftirlitsgjald að óbreyttu alveg tvöfalt, 0,353% á frumtryggingastigi og 0,353% á endurtryggingastigi, alls 0,706%.

Því er lagt til að 2. tölul. 5. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins hljóði svo:

2. Váttryggingafélög skulu greiða 0,353% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,07% af bókfærðum fengnum endurtryggingaiðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.

Tekið skal fram, að með þessari breytingatillögu er ekki að tekin afstaða til þess hlutfalls af frumtryggingaiðgjöldum sem lagt verður á og heldur ekki til lágmarksgjaldsins, eingöngu er verið að leggja til að fengin endurtryggingaiðgjöld verði sérstakur gjaldstofn eins og eðlilegt er.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar um þessi atriði ef óskað er.

Virðingarfyllt

f.h. Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Helgi Þórsson

helgith@tm.is

beinn sími 5152 21 45